

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/1891****2022/EES/34/13****frá 26. október 2021****um breytingu á XIV. og XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar innflutning til Sambandsins og umflutning gegnum það á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) ⁽¹⁾, einkum fyrstu og þriðju undirgrein 3. mgr. 41. gr. og a-, b- og d-lið 2. mgr. 42. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ⁽²⁾ er mælt fyrir um framkvæmdarráðstafanir vegna reglna um heilbrigði dýra og manna að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1069/2009, þ.m.t. fyrirmyndir að heilbrigðisvottorðum og skrá yfir þriðju lönd þaðan sem leyfður er innflutningur til Sambandsins og umflutningur um Sambandið á sendingum af aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum.
- 2) Einkum eru í II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 settar fram sértækar kröfur um innflutning til Sambandsins og umflutning gegnum það á sendingum af aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum til notkunar utan fôðurferlisins fyrir alidýr, önnur en loðdýr. Þess er krafist að slíkar sendingar séu m.a. í samræmi við reglurnar sem settar eru fram í töflu 2 í 1. þætti þess kafla.
- 3) Nánar tiltekið er í 14. línu í töflu 2 m.a. sett fram skrá yfir þriðju lönd þaðan sem leyfður er innflutningur til Sambandsins og umflutningur um það á sendingum af aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum til notkunar utan fôðurferlisins, þ.m.t. sendingar af loðskinnum til framleiðslu á afleiddum afurðum, efni í 3. flokki sem um getur í n-lið 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009. Tiltækin aðildarríki hafa óskað eftir að 14. línu í töflu 2 verði breytt til að hún nái yfir skrá yfir þriðju lönd þaðan sem innflutningur til Sambandsins á loðskinnum til framleiðslu á afleiddum afurðum er leyfður. Engin skrá er til yfir þriðju lönd þaðan sem innflutningur til Sambandsins á loðdýraafurðum er leyfður en í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 ⁽³⁾ er sett fram skrá yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn sendingar af nýju kjöti af hóf- og klaufdýrum til Sambandsins. Eftir mat á beiðni aðildarríkjanna þykir viðeigandi að bæta við í 14. línu í töflu 2 skrá yfir þriðju lönd þaðan sem heimilt er að flytja inn loðskinn til framleiðslu á afleiddum afurðum til Sambandsins. Þar eð þriðju lönd, þaðan sem innflutningur til Sambandsins á nýju kjöti af hóf- og klaufdýrum er leyfður, eru með öflugt opinbert eftirlit og vernd fyrir heilbrigði manna og dýra er heppilegt að leyfa innflutning á loðskinnum frá þessum þriðju löndum til framleiðslu á afleiddum afurðum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 384, 29.10.2021, bls. 84. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 93/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjútíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

⁽³⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 frá 24. mars 2021 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra þaðan sem heimilt er að flytja inn dýr, kímefni og afurðir úr dýraríkinu til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 (Stjútíð. ESB L 114, 31.3.2021, bls. 1).

- 4) Því ætti að breyta XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.
- 5) Að auki eru í F-lið 3. kafla og 8. kafla XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 settar fram fyrirmyndir að heilbrigðisvottorðum vegna innflutnings til eða umflutnings um Sambandið á aukaafurðum úr dýrum til framleiðslu á gæludýrafóðri og til notkunar utan fóðurferlisins eða sem vörusýnishorn, eftir því sem við á. Þessar fyrirmyndir að heilbrigðisvottorðum innihalda m.a. þá kröfu að dýrin, sem aukaafurðirnar eru fengnar úr, verði að hafa dvalið á einu búi í 40 daga fyrir slátrun. Frá sjónarmiði dýraheilbrigðis tryggir slíkt 40 daga dvalartímabil fyrir slátrun öryggi óunninna aukaafurða úr dýrum þegar þær eru fluttar inn til Sambandsins. Það að vera laus við gin- og klaufaveiki án þess að bólusetning sé stunduð er æskilegasta dýraheilbrigðisástandið, í samræmi við staðla Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar, og þriðju lönd með þetta dýraheilbrigðisástand hafa leyfi til innflutnings til Sambandsins og umflutnings um Sambandið á sendingum af nýju kjöti án slíks 40 daga dvalartímabils, að því tilskildu að þau uppfylli allar aðrar kröfur um heilbrigði dýra. Tiltekin þriðju lönd, sem eru laus við gin- og klaufaveiki án þess að bólusetning sé stunduð, hafa óskað eftir því hjá framkvæmdastjórninni að fá leyfi til innflutnings á óunnum aukaafurðum úr dýrum til Sambandsins án 40 daga dvalartímabils fyrir slátrun. Samræma ætti dýraheilbrigðisskilyrði vegna innflutnings á aukaafurðum úr dýrum við dýraheilbrigðiskröfur vegna komu nýs kjöts inn í Sambandið sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404.
- 6) Því ætti að breyta fyrirmyndunum að heilbrigðisvottorðum fyrir aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á gæludýrafóðri, sem settar eru fram í F-lið 3. kafla XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, og fyrir aukaafurðir úr dýrum sem nota á utan fóðurferlisins eða sem vörusýnishorn, sem settar eru fram í 8. kafla XV. viðauka við þá reglugerð, til samræmis við það.
- 7) Í V. kafla VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er enn fremur kveðið á um að merkja ætti afleiddar afurðir í 1. og 2. flokki varanlega með efnafræðilegu merkiefni til að koma í veg fyrir að þær komi inn í fóðurferlið og til að tryggja opinbert eftirlit með fóðri. Ekki er gerð krafa um merkingu með efnafræðilegu merkiefni fyrir brædda fitu í 3. flokki. Því er nauðsynlegt að leiðrétta rangt orðalag í fyrirmyndinni að heilbrigðisvottorði, sem sett er fram í B-hluta 10. kafla XV. viðauka við þá reglugerð, fyrir innflutning á bræddri fitu, sem er ekki ætluð til manneldis, til notkunar í tilteknum tilgangi utan fóðurferlisins, vegna sendingar til eða umflutnings um Evrópusambandið.
- 8) Því ætti að breyta XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.
- 9) Til að komast hjá röskun á viðskiptum ætti í þessari reglugerð að kveða á um umbreytingartímabil þar sem vörur, sem falla undir breytingarnar sem gerðar eru á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 með þessari reglugerð, ættu að vera áfram samþykktar til innflutnings til Sambandsins og umflutnings gegnum það, að því tilskildu að þessar vörur uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 142/2011 áður en þeim var breytt með þessari reglugerð.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XIV. og XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Á umbreytingartímabili, sem stendur til 31. maí 2022, skal halda áfram að samþykka innflutning til Sambandsins og umflutning gegnum það á sendingum af aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum ásamt meðfylgjandi heilbrigðisvottorði, sem hefur verið fyllt út á viðeigandi hátt og undirritað í samræmi við viðeigandi fyrirmynd að heilbrigðisvottorði sem sett er fram í F-lið 3. kafla, 8. kafla og B-lið 10. kafla XV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, í þeirri útgáfu sem var í gildi fyrir breytingar sem kveðið er á um í 1. gr. þessarar reglugerðar, að því tilskildu að slík heilbrigðisvottorð hafi verið fyllt út á viðeigandi hátt og undirritað eigi síðar en 31. mars 2022.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. október 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi d-lið er bætt við í dálkinum „þriðju lönd“ í 14. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka:

„d) Ef um er að ræða loðskinn til framleiðslu á afleiddum afurðum:

Þriðju lönd sem eru á skrá í 1. hluta XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 (*) þaðan sem aðflutningur til Sambandsins á nýju kjöti af hóf- og klaufdýrum er leyfður.

(*) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 frá 24. mars 2021 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra þaðan sem heimilt er að flytja inn dýr, kímefni og afurðir úr dýrarkinu til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 (Stjtíð. ESB L 114, 31.3.2021 bls. 1).“

2. Ákvæðum XV. viðauka er breytt sem hér segir:

- a) Í stað F-liðar 3. kafla kemur eftirfarandi:

„F-LIÐUR 3. KAFLA

Heilbrigðisvottorð

Fyrir aukaafurðir úr dýrum ⁽³⁾ til framleiðslu á gæludýrafóðri vegna sendingar til eða umflutnings ⁽²⁾ um Evrópusambandið

LAND:

Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB

I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu	I.1 Sendandi		I.2 Tilvísunarnúmer vottorðs		12.a			
	Heiti		I.3 Lögbært stjórnvald					
	Heimilisfang		I.4 Lögbært staðaryfirvald					
	Sími							
	I.5 Viðtakandi		I.6 Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir farminum í ESB					
	Heiti		Heiti					
	Heimilisfang		Heimilisfang					
	Póstnúmer		Póstnúmer					
	Sími		Sími					
	I.7 Upprunaland	ISO-kóði	I.8 Upprunasvæði	Kóði	I.9 Viðtökuland	ISO-kóði	I.10 Viðtökusvæði	Kóði
	I.11 Upprunastaður		I.12 Viðtökustaður					
	Heiti		Samþykkisnúmer		Heiti		Tollvöruheymsla <input type="checkbox"/>	
	Heimilisfang		Samþykkisnúmer		Heimilisfang		Samþykkisnúmer	
	Heiti		Samþykkisnúmer					
	Heimilisfang		Samþykkisnúmer		Póstnúmer			
Heimilisfang								
I.13 Fermingarstaður		I.14 Brottfarardagur						
I.15 Flutningatæki		I.16 Skoðunarstöð á landamærum við innflutning til ESB						
Flugvél <input type="checkbox"/> Skip <input type="checkbox"/> Járnbrautarvagn <input type="checkbox"/>		I.17						
Ökutæki <input type="checkbox"/> Annað <input type="checkbox"/>								
Auðkenning								
Tilvísun í skjöl								
I.18 Lýsing á vöru		I.19 Vörunúmer (ST-númer)						
		I.20 Magn						
I.21 Hitastig afurðar		I.22 Fjöldi pakkninga						
Við umhverfishita <input type="checkbox"/> Kældar <input type="checkbox"/> Frystar <input type="checkbox"/>								
I.23 Nr. innsiglis/gáms		I.24 Tegund umbúða						
I.25 Vörur sem eru vottaðar:								
Framleiðsla á gæludýrafóðri <input type="checkbox"/>		Til frekari vinnslu <input type="checkbox"/>		Til tæknilegra nota <input type="checkbox"/>				
I.26 Til umflutnings um ESB til þriðja lands <input type="checkbox"/>		I.27 Til innflutnings eða inntöku í ESB <input type="checkbox"/>						
Þriðja land ISO-kóði								
I.28 Auðkenning varanna		Samþykkisnúmer starfsstöðva						
Tegund (vísindaheiti)	Tegund vöru	Framleiðslustöð	Fjöldi pakkninga	Eigin þyngd	Númer framleiðslulotu			

LAND

Aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á gæludýrafóðri

II. hluti: Vottun	II.	Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
			<p>Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, lýsi því yfir að ég hef lesið og skilið reglugerð Evrópungingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ^(1a) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ^(1b), einkum II. kafla XIV. viðauka, og votta að aukaafurðir úr dýrum sem lýst er hér að framan:</p>	
	II.1.1	samanstanda af aukaafurðum úr dýrum sem uppfylla kröfurnar hér á eftir um heilbrigði dýra,		
	(2)annaðhvort	<p>II.1.2 eru fengnar á yfirráðasvæði: ^(1c) úr dýrum:</p> <p>(2)annaðhvort [sem hafa verið á þessu yfirráðasvæði frá fæðingu eða í a.m.k. þrjá mánuði fyrir slátrun eða framleiðslu,]</p> <p>(2)eða [sem voru felld úti í náttúrunni á þessu yfirráðasvæði ^(1d),]</p> <p>(2)eða [sem eru dýr af ættbálkum nagdýra (Rodentia) eða nartara (Lagomorpha), lagadýr eða land- eða vatnahryggleysingjar,]</p>		
	(2)annaðhvort	<p>III.1.3. voru fengnar úr eða framleiddar úr dýrum sem var ekki slátrað eða voru ekki aflífuð til að útrýma dýrafarsótt og sem</p> <p>a) koma af búum þar sem</p> <p>i. að því er varðar eftirfarandi sjúkdóma, sem dýrin eru skráð fyrir í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882, hvorki hafa komið upp tilvik eða faraldur af nautapest, Newcastle-veiki eða alvarlegri fuglainflúensu næstliðna 30 daga né svínapest eða afríkusvínapest næstliðna 40 daga; né heldur á búum í nágrenninu, sem eru innan 10 km radiuss, næstliðna 30 daga og</p> <p>ii. þar sem hvorki hefur komið upp tilvik eða faraldur af gin- og klaufaveiki næstliðna 60 daga, né á búum í nágrenninu, sem eru innan 25 km radiuss, næstliðna 30 daga og</p>		
	(2)annaðhvort	<p>[b] hafa verið á upprunabúinu í a.m.k. 40 daga fyrir brottflutning og verið flutt beint á slátruhús án þess að komast í snertingu við önnur dýr sem uppfylltu ekki sömu heilbrigðisskilyrði,]]</p>		
	(2)eða	<p>[b] hafa verið á búum undir eftirliti dýralæknis í þriðja upprunalandi eða á hluta af yfirráðasvæði þriðja upprunalandsins– þaðan sem innflutningur á nýju kjöti af hóf- og klaufdýrum er leyfður án takmarkana í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/404 og í slátruhúsinu</p> <p>i. hafa staðist heilbrigðisskoðun á næstliðnum 24 klukkustundum fyrir slátrun og sýna engin einkenni um sjúkdómana, sem um getur hér að framan, sem dýrin eru næm fyrir og</p> <p>ii. hafa verið meðhöndluð, fyrir og við slátrun eða aflífun, í samræmi við viðeigandi ákvæði í löggjöf Sambandsins og uppfylltu kröfur sem voru a.m.k. jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í II. og III. kafla reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1099/2009 ⁽⁴⁾]]</p>		
	(2)eða	<p>III.1.3. voru fengnar úr eða framleiddar úr dýrum sem var ekki slátrað eða voru ekki aflífuð til að útrýma dýrafarsótt og sem</p> <p>a) voru fönuguð og felld úti í náttúrunni á svæði:</p> <p>i. þar sem ekki hafa komið upp, innan 25 km radiuss, tilvik eða faraldrar neinna eftirtalinnna sjúkdóma sem dýrin eru skráð fyrir í samræmi við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882: gin- og klaufaveiki, nautapestar, Newcastle-veiki eða alvarlegrar fuglainflúensu næstliðna 30 daga eða svínapestar eða afríkusvínapestar næstliðna 40 daga og</p> <p>ii. sem er a.m.k. 20 km frá landi eða hluta yfirráðasvæðis lands þaðan sem útflutningur til Evrópusambandsins á efni úr alifuglum er ekki leyfður næstliðna 30 daga eða á efni úr svinum næstliðna 40 daga og</p> <p>b) voru flutt til kælingar, innan 12 klukkustunda eftir aflífun, annaðhvort á söfnunarstöð og strax að því loknu á starfsstöð sem meðhöndlar veiðidýr eða beint á starfsstöð sem meðhöndlar veiðidýr,]</p>		

LAND

Aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á gæludýrafóðri

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
II.1.4		eru fengnar á stöð þar sem ekki hafa komið upp, innan 10 km radiuss, tilvik eða faraldur neinna sjúkdóma sem um getur í lið II.1.3, sem dýrin eru næm fyrir, næstliðna 30 daga eða, ef um er að ræða sjúkdómstilvik, framleiðsla hráefnis til útflutnings til Evrópusambandsins hefur einungis verið leyfð eftir að búið var að fjarlægja allt kjöt og öll hreinsun og sótthreinsun á stöðinni fór fram undir eftirliti opinbers dýralæknis,
II.1.5		hafa fengist og verið tilreiddar án þess að komast í snertingu við annað efni sem uppfyllir ekki þau skilyrði sem krafist er hér að framan, og fengið þannig meðferð að komist var hjá því að sjúkdómssvaldar menguðu þær,
II.1.6		hafa verið settar í nýjar umbúðir sem leka ekki og í opinberlega innsiglaða gáma með merkimiðum sem á stendur „HRÁEFNI EINGÖNGU TIL FRAMLEIÐSLU Á GÆLUDÝRAFÓÐRI“ og heiti og heimilisfang viðtökustöðvar í Evrópusambandinu,
II.1.7		samanstanda eingöngu af eftirtöldum aukaafurðum úr dýrum sem eru:
(²)annaðhvort [-		skrokkar og skrokkhlutar sláturdýra eða, ef um er að ræða veiðidýr, skrokkar eða skrokkhlutar dýra sem hafa verið felld, sem eru taldir hæfir til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins þar til því er afdráttarlaust lýst yfir að þeir séu aukaafurðir úr dýrum af viðskiptalegum ástæðum,]
(²)og/eða [-		skrokkar og eftirfarandi skrokkhlutar sem annaðhvort eru af dýrum sem hefur verið slátrað í sláturhúsi og voru talin hæf til manneldis að lokinni skoðun fyrir slátrun eða skrokkar og eftirfarandi skrokkhlutar veiðidýra sem voru felld til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins:
i.		skrokkar og skrokkhlutar dýra, sem var hafnað sem óhæfum til manneldis í samræmi við löggjöf Sambandsins, en sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr,
ii.		hausar af alifuglum,
iii.		húðir og skinn, þ.m.t. afskurður og þynnur af þeim, horn og fætur, þ.m.t. kjúkur, framleggir (fótleggir) og bein í hnjám á framfótum og kjúkubein, afturleggir (fótleggir) og hækilbein,
iv.		svínsburstir,
v.		fjaðrir,]
(²)og/eða [-		aukaafurðir úr dýrum sem falla til við framleiðslu afurða sem eru ætlaðar til manneldis, þ.m.t. fituhreinsuð bein, hamsar og seyra úr skilvindum eða skiljum frá mjólkurvinnslu,]
(²)og/eða [-		afurðir úr dýraríkinu eða matvæli sem innihalda afurðir úr dýraríkinu, sem eru ekki lengur ætluð til manneldis af viðskiptalegum ástæðum eða vegna vanda sem rekja má til galla við framleiðslu eða þökkun eða annarra galla sem skapa ekki hættu fyrir heilbrigði manna eða dýra,]
(²)og/eða [-		lagardýr og hlutar slíkra dýra, annarra en sjávarspendýra, sem ekki sýndu nein merki um sjúkdóma sem geta smitast í menn eða dýr,]
(²)og/eða [-		aukaafurðir úr lagardýrum sem koma frá stöðvum eða fyrirtækjum sem framleiða afurðir til manneldis,]
(²)og/eða [-		eftirfarandi efni úr dýrum sem sýndu engin merki um sjúkdóm sem getur borist með því efni í menn eða dýr:
i.		skeljar af skelfiski með mjúkvefjum eða kjöti,
ii.		eftirfarandi efni úr landdýrum:
—		aukaafurðir frá útungunarstöðvum,
—		egg,
—		aukaafurðir úr eggjum, þ.m.t. eggjaskurn,
iii.		dagsgamlir ungar sem eru aflífaðir af viðskiptalegum ástæðum,]
(²)og/eða [-		aukaafurðir úr vatna- eða landhyrggleysingjum öðrum en tegundum sem valda sjúkdómum hjá mönnum eða dýrum,]

LAND

Aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á gæludýrafóðri

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b
(²)og/eða [-	dýr af ættbálkum nagdýra (Rodentia) og nartara (Lagomorpha), og skrokkhlutar þeirra, að undanskildu efni í 1. flokki eins og um getur í iii., iv. og v. lið a-liðar 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og efni í 2. flokki eins og um getur í a- til g-lið 9. gr. sömu reglugerðar,]	
(²)og/eða [-	efni úr dýrum sem hafa verið meðhöndluð með tilteknum efnum sem eru bönnuð með tilskipun 96/22/EB ^(4a) en innflutningur efnisins er leyfður í samræmi við ii. lið a-liðar 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009,]	
II.1.8	hafa verið djúpfrystar í upprunastöðinni eða verið varðar skemmdum í samræmi við löggjöf Evrópusambandsins þannig að þær skemmist ekki milli sendingar og afhendingar á viðtökustöðinni í Evrópusambandinu eða við umflutning gegnum Evrópusambandið,	
II.1.9	ef um er að ræða hráefni til framleiðslu á gæludýrafóðri sem er fengið úr dýrum sem hafa verið meðhöndluð með tilteknum efnum sem eru bönnuð með tilskipun 96/22/EB en innflutningurinn er leyfður í samræmi við ii. lið a-liðar 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009:	
a)	það var merkt í þriðja landinu, áður en það kom inn á yfirráðasvæði Evrópusambandsins, með krossi sem er gerður með fljótandi viðarkolum eða virkum kolum á hverja ytri hlið frystrar blokkar eða, þegar hráefnið er flutt á vörubrettum sem er ekki skipt í aðskildar sendingar á meðan á flutningi til gæludýrafóðursstöðvarinnar, sem er ákvörðunarstaður þeirra í Evrópusambandinu, stendur eða á meðan á umflutningi gegnum Evrópusambandið stendur, á hverja ytri hlið hvers vörubrettis, þannig að merkingin nái yfir a.m.k. 70% af skálengd hliðar frosnu blokkarinnar og sé a.m.k. 10 cm breið,	
b)	ef um er að ræða ófrosið efni, hráefnið var merkt í þriðja landi, áður en það kom inn á yfirráðasvæði Evrópusambandsins, með því að úða á það fljótandi viðarkolum eða með því að nota viðarkoladuft þannig að viðarkolin sjáist greinilega á efninu og	
c)	ef aukaafurðir úr dýrum eru úr hráefni, sem hefur verið meðhöndlað eins og um getur hér að framan, og öðru ómeðhöndluðu hráefni skal merkja allt hráefni í sendingunni eins og um getur í a- og b-lið hér að framan.	
(²)(⁵)[II.2.	Sértækar kröfur	
(²)(⁶)[II.2.1.	Aukaafurðirnar í þessari sendingu eru af dýrum sem hefur verið haldið á yfirráðasvæðinu sem um getur í lið II.1.2, þar sem húsdýr af nautgripakyni eru bólusett reglulega gegn gin- og klaufaveiki undir opinberu eftirliti.]	
(²)(⁷)[II.2.2.	Aukaafurðirnar í þessari sendingu samanstanda eingöngu af aukaafurðum úr dýrum, sem koma úr snyrtum sláturmat úr húsdýrum úr hópi jörturdýra, sem hafa verið láttnar meyrna við umhverfishita sem er hærri en +2 °C í a.m.k. þrjár klukkustundir, eða ef um er að ræða tyggjanda úr nautgripum og úrbeinað kjöt úr húsdýrum, í a.m.k. 24 klukkustundir.]]	
(²)[II.3.	aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á gæludýrafóðri innihalda eða eru úr aukaafurðum úr jörturdýrum og:	
(²)annaðhvort	[eru upprunnar í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/453/EB ⁽⁸⁾ , sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg og þar hafa ekki komið upp nein innlend tilvik um kúariðu.]]	
(²)eða	[eru upprunnar í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun 2007/453/EB, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg og þar hefur komið upp innlent tilvik um kúariðu og aukaafurðir úr dýrum eða afleiddar afurðir komu úr dýrum, sem voru fædd eftir þann dag sem bann við fóðrun jörturdýra á kjöt- og beinamjöli og hömsum úr jörturdýrum, eins og skilgreint er í heilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um landdýr, kom á skilvirkan hátt til framkvæmdar í viðkomandi landi eða svæði og	
(²)annaðhvort	[koma úr öðrum jörturdýrum en nautgripum, sauðfé eða geitum.]]]	
(²)eða	[koma úr nautgripum, sauðfé og geitum sem voru fædd og síðan alin samfelt frá burði og slátrað í landi eða á landsvæðis sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun 2007/453/EB, sem land eða landsvæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg.]]]	
(²)eða	[innihalda ekki:	
a)	sérstakt áhættuefni eins og það er skilgreint í 1. lið V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 ⁽⁹⁾ ,	

LAND

Aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á gæludýrafóðri

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
	<p>b) vélúrbeinað kjöt, sem fengið er af beinum úr nautgripum, sauðfé eða geitum, nema ef dýrin voru fædd, alin samfellt og slátrað í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun 2007/453/EB, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg og þar hafa ekki komið upp nein innlend tilvik um kúariðu,</p> <p>c) aukaafurð úr nautgripum, sauðfé eða geitum, sem hafa verið aflífuð með því að tæta vef miðtaugakerfisins í sundur eftir deyfingu með ilöngu, staflaga verkfæri, sem er stungið inn í kúpuholið, eða með því að sprauta gasi inn í kúpuholið, að undanskildum þeim dýrum sem voru fædd, alin samfellt og slátrað í landi eða á svæði sem er flokkað, í samræmi við ákvörðun 2007/453/EB, sem land eða svæði þar sem áhætta í tengslum við kúariðu er óveruleg.]]]</p>	
Athugasemdir		
I. hluti:		
— Reitur I.6: Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru; það má fylla hann út ef vottorðið er fyrir vöru sem á að flytja inn í Evrópusambandið.		
— Reitur I.12: Viðtökustaður: þennan reit á eingöngu að fylla út ef um er að ræða vottorð fyrir umflutningsvöru.		
— Afurðir sem eru í umflutningi má eingöngu geyma á frísvæðum, í frígeymslum og í tollvöruhegrymslum.		
— Reitur I.15: Gefa skal upp skráningarnúmer (járnbrautarvagnar eða gámar og vöruflutningabifreiðar), flugnúmer (loftfar) eða heiti (skip), ef til af- og endurfremingar kemur í Evrópusambandinu.		
— Reitur I.19: nota skal viðeigandi númer úr samræmdri tollskrá (ST-númer): 05.04, 05.06, 05.07, 05.11.91 eða 05.11.99, 23.01, 41.01.		
— Reitur I.23: tilgreina skal gámanúmer og innsigliðsnúmer (ef við á), ef um er að ræða gáma fyrir efni í lausu.		
— Reitur I.25: tæknileg notkun: öll notkun önnur en til fóðrunar alidýra, annarra en loðdýra, og framleiðslu á gæludýrafóðri.		
— Reitur I.26 og I.27: fyllið út eftir því hvort um er að ræða umflutnings- eða innflutningsvottorð.		
— Reitur I.28:		
— Tegund: veljið á milli eftirfarandi: Aves, Ruminantia, Suidae, Mammalia, að undanskildum Ruminantia eða Suidae, PESCA, Mollusca, Crustacea, hryggleysingar aðrir en Mollusca og Crustacea,		
— Framleiðslustöð: fyllið út eftirlitsnúmer dýraheilbrigðisyfirvalda fyrir samþykktu fyrirtækið.		
II. hluti:		
^(1a) Stjtið. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.		
^(1b) Stjtið. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1.		
^(1c) Heiti og ISO-kóði útflutningslands eins og mælt er fyrir um í:		
— 1. hluta XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 (Stjtið. ESB L 114, 31.3.2021, bls. 1),		
— 1. hluta XIV. viðauka við reglugerð (ESB) 2021/404 og		
— 1. hluta I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 119/2009 (Stjtið. ESB L 39, 10.2.2009, bls. 12).		
Einnig skal skrá ISO-kóða svæðaskiptingar í framangreindum viðaukum (eftir því sem við á fyrir þær smitnæmu tegundir sem eiga í hlut).		
^(1d) Eingöngu fyrir lönd þaðan sem leyft er að flytja kjöt af villibráð, sem er ætlað til manneldis, af sömu dýrategund inn í Evrópusambandið.		
⁽²⁾ Strikið yfir það sem á ekki við.		
⁽³⁾ Að undanskildu fersku blóði, hrámjólk, húðum og skinum, hófum og klaufum og hornum, svínsburstum og fjöðrum (sjá viðeigandi sérstök vottorð í þeim viðauka fyrir innflutning á þessum vörum).		
⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 303, 18.11.2009, bls. 1.		
^(4a) Stjtið. ESB L 125, 23.5.1996, bls. 3.		
⁽⁵⁾ Viðbótarábyrgðir sem skal veita þegar efni úr húsdýrum úr hópi jörturdýra er upprunnið á yfirráðasvæði lands í Suður-Ameríku eða lands í Suður-Afríku eða hluta þess, þaðan sem einungis er heimilt að flytja inn til Evrópusambandsins meyrnað og úrbeinað, nýtt kjöt af húsdýrum úr hópi jörturdýra til manneldis. Einnig er leyfður innflutningur á heilum tyggjendum úr nautgripum, ristum í samræmi við kröfurnar í 1. lið B-hluta I. kafla IV. þáttar I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 (Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206).		

LAND

Aukaafurðir úr dýrum til framleiðslu á gæludýrafóðri

II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.						
<p>(⁶) Eingöngu fyrir tiltekin lönd í Suður-Ameríku.</p> <p>(⁷) Eingöngu fyrir tiltekin lönd í Suður-Ameríku og Suður-Afríku.</p> <p>(⁸) Stjtið. ESB L 172, 30.6.2007, bls. 84.</p> <p>(⁹) Stjtið. ESB L 147, 31.5.2001, bls. 1.</p> <p>— Undirskrift og stimpill skulu vera í öðrum lit en prentaður texti.</p> <p>— Athugasemd til einstaklingsins sem er ábyrgur fyrir sendingunni í Evrópusambandinu: þetta vottorð varðar aðeins heilbrigði dýraafurða og verður að fylgja sendingunni þar til hún kemur í skoðunarstöð á landamærum í Evrópusambandinu.</p>								
<p>Opinber dýralæknir eða opinber skoðunarmaður</p> <table data-bbox="300 667 1276 779"> <tr> <td>Nafn (með hástöfum):</td> <td>Menntun, hæfi og titill:</td> </tr> <tr> <td>Dagsetning:</td> <td>Undirskrift:</td> </tr> <tr> <td>Stimpill:</td> <td></td> </tr> </table>			Nafn (með hástöfum):	Menntun, hæfi og titill:	Dagsetning:	Undirskrift:	Stimpill:	
Nafn (með hástöfum):	Menntun, hæfi og titill:							
Dagsetning:	Undirskrift:							
Stimpill:								

“

”

b) Í stað 8. kafla kemur eftirfarandi:

„8. KAFLI

Heilbrigðisvottorð

Fyrir aukaafurðir úr dýrum, sem nota á utan fódurferlisins eða sem vörusýnishorn ⁽²⁾, vegna sendingar til eða umflutnings ⁽²⁾ um Evrópusambandið

LAND:				Heilbrigðisvottorð fyrir dýr og dýraafurðir sem eru flutt inn í ESB				
I. hluti: Upplýsingar um vörusendingu	I.1 Sendandi Heiti Heimilisfang Sími			I.2 Tilvísunarnúmer vottorðs		12.a		
				I.3 Lögbært stjórnvald				
				I.4 Lögbært staðaryfirvald				
	I.5 Viðtakandi Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími			I.6 Einstaklingur sem er ábyrgur fyrir farminum í ESB Heiti Heimilisfang Póstnúmer Sími				
	I.7 Upprun- aland	ISO-kóði	I.8 Uppru- nasvæði	Kóði	I.9 Viðtökul- and	ISO-kóði	I.10 Viðtökus- væði	Kóði
	I.11 Upprunastaður Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang Heiti Heimilisfang			Samþykkisnúmer		I.12 Viðtökustaður Heiti Heimilisfang Póstnúmer		Tollvörugæymsla <input type="checkbox"/> Samþykkisnúmer
	I.13 Fermingarstaður			I.14 Brottfarardagur				
	I.15 Flutningatæki Flugvél <input type="checkbox"/> Skip Ökutæki <input type="checkbox"/> Auðkenning Tilvísun í skjöl			Járnbrautavagn Annað <input type="checkbox"/>		I.16 Skoðunarstöð á landamærum við innflutning til ESB		I.17
	I.18 Lýsing á vöru			I.19 Vörunúmer (ST-númer)		I.20 Magn		
	I.21 Hitastig afurðar Við umhverfishita <input type="checkbox"/>			Kældar	Frystar	I.22 Fjöldi pakkninga		
I.23 Nr. innsiglis/gáms			I.24 Tegund umbúða					
I.25 Vörur sem eru vottaðar: Til tæknilegra nota <input type="checkbox"/>								
I.26 Til umflutnings um ESB til þriðja lands Þriðja land ISO-kóði			<input type="checkbox"/>		I.27 Til innflutnings eða inntöku í ESB		<input type="checkbox"/>	
I.28 Auðkenning varanna								
Samþykkisnúmer starfsstöðva								
Tegund (vísindaheiti)	Tegund vöru	Framleiðslustöð	Fjöldi pakkninga	Eigin þyngd	Númer framleiðslulotu			

LAND

Aukaafurðir úr dýrum sem nota á utan fódurferlisins eða sem vörusýnishorn ⁽²⁾

II. hluti: Vottun	II. Upplýsingar um heilbrigði	II.a Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
	<p>Ég, undirritaður, opinber dýralæknir, lýsi því yfir að ég hef lesið og skilið reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ^(1a) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ^(1b), einkum II. kafla XIV. viðauka, og votta að aukaafurðir úr dýrum sem lýst er hér að framan:</p>		
	<p>⁽²⁾annaðhvort</p>	<p>[er vörusýnishorn, sem samanstanda af aukaafurðum úr dýrum sem eru ætlaðar til tiltekinnar rannsóknar eða greininga eins og um getur í skilgreiningu á vörusýnishornum í 39. lið I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011, sem bera merkimiða með orðunum „VÖRUSÝNISHORN, ÓHÆFT TIL MANNELDIS“.]</p>	
	<p>⁽²⁾eða</p>	<p>[uppfylla kröfur um heilbrigði dýra sem settar eru fram í lið II.1.],</p>	
	<p>II.1 Aukaafurðir úr dýrum sem lýst er hér að framan</p>		
	<p>II.1.1 eru:</p>		
	<p>⁽²⁾annaðhvort</p>	<p>[a] úr efnum sem eru flutt inn frá þriðja landi, yfirráðasvæði eða hluta þess:⁽³⁾ þaðan sem leyfður er útflutningur til Evrópusambandsins á nýju kjöti.]</p>	
	<p>⁽²⁾og/eða</p>	<p>[b] fengnar í þriðja landi sem er útflutningsland, yfirráðasvæði eða hluta þess:⁽³⁾ af dýrum sem</p>	
	<p>annaðhvort:</p>		
	<p>i. hafa verið í því þriðja landi, yfirráðasvæði eða hluta þess, þaðan sem heimilt er að flytja nýtt kjöt út til Evrópusambandsins, frá fæðingu eða í a.m.k. næstliðna þrjá mánuði fram að slátrun, og/eða</p>		
	<p>ii. voru felld úti í náttúrunni í því þriðja landi, yfirráðasvæði eða hluta þess⁽⁴⁾.]</p>		
	<p>⁽²⁾og/eða</p>	<p>[c] fengnar úr eggjum, mjólk, nagdýrum, nörturum, eða úr lagardýrum eða land- eða vatnahryggleysingjum,]</p>	
	<p>⁽²⁾[II.1.2. ef um er að ræða annað efni en það sem er fengið úr eggjum, mjólk, nagdýrum, nörturum, ullarfeiti, lagardýrum, land- eða vatnahryggleysingjum eða ónnum loðskinnum, er fengið úr dýrum:</p>		
	<p>⁽²⁾annaðhvort</p>	<p>a) sem koma af búum:</p>	
	<p>i. þar sem, að því er varðar eftirfarandi sjúkdóma sem dýrin eru smitnæm fyrir, hvorki hafa komið upp tilvik eða faraldur af nautapest, svínafári, Newcastle-veiki eða alvarlegri fuglainflúensu næstliðna 30 daga né svínapest eða afrikusvínapest næstliðna 40 daga; né heldur á búum í nágrenninu, sem eru innan 10 km radíuss, næstliðna 30 daga og</p>		
	<p>ii. þar sem hvorki hefur komið upp tilvik eða faraldur af gin- og klaufaveiki næstliðna 60 daga, né á búum í nágrenninu, sem eru innan 25 km radíuss, næstliðna 30 daga og</p>		
	<p>b) sem:</p>		
	<p>i. voru ekki aflífuð til að uppræta dýrafarsótt,</p>		
	<p>⁽²⁾ annaðhvort</p>		
	<p>ii. hafa verið á upprunabúinu í a.m.k. 40 daga fyrir brottflutning og verið flutt beint á sláturhús án þess að komast í snertingu við önnur dýr sem uppfylltu ekki sömu heilbrigðisskilyrði,</p>		
	<p>⁽²⁾eða</p>		
	<p>ii. hafa verið á búum undir eftirliti dýralæknis í þriðja upprunalandi eða á hluta af yfirráðasvæði þriðja upprunalandsins þaðan sem innflutningur á nýju kjöti af hóf- og klaufdýrum er leyfður án takmarkana í samræmi við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404]</p>		
	<p>iii. hafa staðist heilbrigðis skoðun í sláturhúsi á næstliðnum 24 klukkustundum fyrir slátrun og sýna engin einkenni um sjúkdómana, sem um getur hér að framan, sem dýrin eru næm fyrir og</p>		
	<p>iv. hafa verið meðhöndluð í sláturhúsinu, fyrir og við slátrun eða aflífun, í samræmi við viðeigandi ákvæði í lögjöf Sambandsins og uppfylltu kröfur sem voru a.m.k. jafngildar þeim sem mælt er fyrir um í II. og III. kafla reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1099/2009 ⁽⁵⁾]</p>		

LAND

Aukaafurðir úr dýrum sem nota á utan fóðurferlisins eða sem vörusýnishorn ⁽²⁾

II.	Upplýsingar um heilbrigði	II.a. Tilvísunarnúmer vottorðs	II.b.
